

Fundargerð 12. fundar

Verkefnastjórnar hjúkrunarheimilisins að Sólvangi.

Árið 2016, fimmtudaginn 3. mars, kl. 16:30 kom verkefnastjórn hjúkrunarheimilisins saman að Strandgötu 6, Hafnarfirði.

Fundinn sátu: Helga Ingólfssdóttir, formaður, Guðlaug Kristjánsdóttir, Elísabet Valgeirsdóttir, Gylfi Ingvarsson, og Þórdís Bakkmann Kristinsdóttir.

Að auki sátu fundinn Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskylduþjónustu sem ritaði fundargerð.

Birna Ólafsdóttir boðaði forföll.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt án athugasemda.

2. Kærunefnd útboðsmála.

Bæjarlögmaður fór yfir kæru Úti og inni sf. til kærunefndar útboðsmála. Kærandi telur að Hafnarfjarðarkaupstaður hafi ekki verið heimilt að taka tilboði STH teiknistofunnar ehf. til greina í útboðinu þar sem sá tilboðsgjafi uppfylli ekki skilyrði þau sem sett voru í útboðinu samkvæmt skilmálum þess. Kærandi byggir á því að tilboð STH Teiknistofunnar ehf. uppfylli ekki það skilyrði sem sett var í útboðinu um að hönnunarstjóri tilboðsgjafa skuli hafa meira en 5 ára reynslu af verkefnisstjórnun, sem tekur til hönnunar hliðstæðra mannvirkja. Bæjarlögmaður upplýsti að tekið verður til varna í málinu og verður sent inn andsvar fyrir 11. mars n.k. Tilboðshafi fær einnig tækifæri til að senda inn athugasemdir. Kærendur fá í framhaldi tækifæri til að bregðast við. Má búast gera ráð fyrir að ferlið tefji verkefnið um u.þ.b. mánuð.

3. Umsóknir um stöðu verkefnastjóra.

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu gerði grein fyrir umsóknum um stöðu verkefnastjóra hjúkrunarheimilisins.

Fimm umsóknir bárust:

Friðleifur Kristjánsson,
Jökull Jónsson,
Samúel Guðmundsson,
Stefán Veturliðason,
Þór Sigurðsson.

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu fær heimild til að ráða þann hæfasta í verkefnið.

4. Minnisblað um öldrunarþjónustu.

Gylfi Ingvarsson lagði fram minnisblað frá ASÍ varðandi öldrunarþjónustu, rekstrarvanda öldrunarstofnanna, fjölda rýma, biðlista og fjölgun aldraðra.

Fundi slitið kl. 17:30.

